

Veðskuldabréfasjóður ÍV-VIV II hs.

Sérhæfður sjóður

Árshlutareikningur 30. júní 2024

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda .....	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Yfirlit fjárfestinga .....	7
Skýringar .....	8

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Veðskuldabréfasjóður ÍV-VIV II er sérhæfður hlutdeildarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 45/2020 um sérhæfða sjóði. Rekstur sjóðsins er í höndum ÍV sjóða hf.

Árshlutareikningur Veðskuldabréfasjóðs ÍV-VIV II - sérhæfðs sjóðs er gerður í samræmi við lög um árshlutareikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Hagnaður varð á rekstri sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024 að fjárhæð 394,3 millj. kr. Bókfært eigið fé sjóðsins í lok tímabilsins nam 7.941,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

## **Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans miðað við 30. júní 2024 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri ÍV sjóða hafa í dag rætt árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 og staðfest hann með undirritun sinni.

Akureyri, 28. ágúst 2024

Árshlutareikningur þessi er undirritaður rafrænt af hálfu stjórnar og framkvæmdastjóra. Rafrænar undirritanir má finna á öftustu síðu skjalsins.

Í stjórn ÍV sjóða hf.:

Hjörvar Maronsson, stjórnarformaður  
Kolbeinn Friðriksson, meðstjórnandi  
Katrín Káradóttir, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf.:

Jón Helgi Pétursson

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

---

## Til eigenda hlutdeildarskrifteina Veðskuldabréfasjóðs ÍV-VIV II hs.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Veðskuldabréfasjóðs ÍV-VIV II hs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um árshlutareikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024, efnahag hans 30. júní 2024 og breytingu á handbæru fé og hreinni eign á tímabilinu, í samræmi við lög um árshlutareikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Akureyri, 28. ágúst 2024

## Deloitte ehf.

Hólmgímur Bjarnason  
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 1. janúar til 30. júní 2024

	Skýr.	2024	2023
		1.1.-30.06.	1.1.-30.06.
<b>Rekstrarreikningur</b>			
<b>Tekjur</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		385.408	292.782
Aðrar tekjur .....		0	4.142
<b>Heildartekjur</b>		<u>385.408</u>	<u>296.924</u>
<b>Gjöld</b>			
Umsýslubóknun rekstrarfélags .....		15.394	16.510
Vörslubóknun .....		818	616
Aðrar bóknanir .....		1	4
Önnur gjöld og kostnaður .....		612	835
<b>Heildargjöld</b>		<u>16.824</u>	<u>17.965</u>
<b>Gengisbreyting eigna, hagnaður .....</b>		25.718	35.336
<b>Hagnaður tímabils af rekstri .....</b>		<u>394.301</u>	<u>314.295</u>
<b>Yfirlit um breytingu á hreinni eign</b>			
<b>Hrein eign í ársbyrjun .....</b>		<u>7.546.861</u>	<u>5.898.908</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Seld hlutdeildarskírteini .....		0	1.000.000
Hækkun (lækkun) á fjármögnunarhreyfingum .....		0	1.000.000
<b>Hrein eign í lok tímabils .....</b>	3	<u>7.941.162</u>	<u>7.213.203</u>

# Efnahagsreikningur 30. júní 2024

	Skýr.	30.06.2024	31.12.2023
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>			
Framseljanleg verðbréf .....		7.302.879	7.147.753
Hlutdeildarskírteini .....		377.305	311.511
Verðbréf samtals		<u>7.680.183</u>	<u>7.459.264</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Reiðufé .....		243.452	78.635
Aðrar eignir .....		20.405	7.327
Aðrar eignir samtals		<u>263.857</u>	<u>85.962</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>7.944.040</u>	<u>7.545.225</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuld við rekstrarfélag .....		2.663	( 1.850 )
Skuld við vörslufyrirtæki .....		137	136
Aðrar skuldir .....		79	79
<b>Skuldir samtals</b>		<u>2.878</u>	<u>( 1.636 )</u>
Hrein eign .....	3	7.941.162	7.546.861
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina .....		560.301	560.301
Gengi hlutdeildarskírteina í lok tímabils .....		14,17	13,47

# Yfirlit fjárfestinga tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024

Veðskuldabréfasjóður ÍV-VIV II	30.06.2024		31.12.2023	
	Bókfært-verð	%	Bókfært-verð	%
<b>Skuldabréfaeign</b>				
Útgefandi 1 .....	937.784	11,8%	913.817	12,1%
Útgefandi 2 .....	864.184	10,9%	842.174	11,2%
Útgefandi 3 .....	838.700	10,6%	819.049	10,9%
Útgefandi 4 .....	754.709	9,5%	737.575	9,8%
Útgefandi 5 .....	599.932	7,6%	585.872	7,8%
Útgefandi 6 .....	544.120	6,8%	541.942	7,2%
Útgefandi 7 .....	396.257	5,0%	387.662	5,1%
Útgefandi 8 .....	374.707	4,7%	364.298	4,8%
Útgefandi 9 .....	288.060	3,6%	282.772	3,7%
Útgefandi 10 .....	244.709	3,1%	241.268	3,2%
Útgefandi 11 .....	224.871	2,8%	220.065	2,9%
Útgefandi 12 .....	153.892	1,9%	150.532	2,0%
Útgefandi 13 .....	140.446	1,8%	137.933	1,8%
Útgefandi 14 .....	133.559	1,7%	130.911	1,7%
Útgefandi 15 .....	118.426	1,5%	116.210	1,5%
Útgefandi 16 .....	103.604	1,3%	102.329	1,4%
Útgefandi 17 .....	102.796	1,3%	100.852	1,3%
Útgefandi 18 .....	93.903	1,2%	91.596	1,2%
Útgefandi 19 .....	90.622	1,1%	88.342	1,2%
Útgefandi 20 .....	76.760	1,0%	75.703	1,0%
Útgefandi 21 .....	71.674	0,9%	70.273	0,9%
Útgefandi 22 .....	59.050	0,7%	58.124	0,8%
Útgefandi 23 .....	45.622	0,6%	44.842	0,6%
Útgefandi 24 .....	44.492	0,6%	43.610	0,6%
Framseljanleg verðbréf, samtals	7.302.879	91,9%	7.147.753	94,7%
<b>Hlutdeildarskírteini</b>				
ÍV Skammtímasjóður .....	377.305	4,7%	311.511	4,1%
	377.305	4,7%	311.511	4,1%
Heildarverðmæti verðbréfa .....	7.680.183	96,7%	7.459.264	98,9%
Reiðufé .....	243.452	3,1%	78.635	1,0%
Aðrar eignir .....	20.405	0,3%	7.327	0,1%
Heildareignir .....	7.944.040	100,0%	7.545.225	100,0%

# Skýringar

## 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um árshlutareikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum ef frá eru talin hlutdeildarskírteini sem færð eru á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Sjóðurinn er rekinn af ÍV sjóðum hf. sem er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Árshlutareikningur sjóðsins er ekki hluti af árshlutareikningi móðurfélagsins vegna eðlis starfseminnar.

Gerð árshlutareiknings krefst þess að stjórnendur taki í samræmi við lög um árshlutareikninga ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við matið og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í júlí 2024. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins.

### b. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

### c. Umsýslubókun

Sjóðurinn greiðir ÍV sjóðum hf. 0,55% umsýslubókun á fjárfestingartímabili en 0,4% eftir að fjárfestingartímabili lýkur sem innifelur meðal annars laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu við rekstur sjóðsins. Bókunin reiknast sem hlutfall af heildareignum sjóðsins frá því að fjárfestingartímabili hans var framlengt 2022 en þar áður reiknast bókun af fjárfestingarloforðum sjóðsins. Sjóðurinn greiðir auk þess beinan kostnað sem fellur til vegna rekstar og umsýslu.

Sjóðurinn greiðir auk þess beinan kostnað er fellur til vegna rekstrar og umsýslu.

### d. Fjárfestingar

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eru metin á útgefnu kaupgengi sem gildi í lok júní 2024.

### e. Framseljanleg verðbréf - verðtryggð skuldabréf með veði í fasteign

Sjóðurinn fjárfestir í verðtryggðum skuldabréfum með veði í fasteignum. Í bókhaldi sjóðsins eru veðskuldabréfin uppreiknuð miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

### f. Reiðufé

Reiðufé samanstendur af inneignum á bankareikningum.

### g. Skattamál

Sérhæfðir sjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af hlutdeildarskírteinunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinunum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.



## Skýringar frh.:

### 3. Hlutdeildarskírteini

Nafn - og raunávöxtun sjóða Veðskuldabréfasjóðs ÍV-VIV II í lok tímabilsins 1. júní til 30. júní 2024.

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði	Árið 2023
<b>Nafnávöxtun</b>				
Veðskuldabréfasjóður ÍV-VIV II .....	3,56%	3,56%	8,27%	10,12%
<b>Raunávöxtun</b>				
Veðskuldabréfasjóður ÍV-VIV II .....	1,59%	0,01%	1,93%	1,96%
Yfirlit um bókfært verðmæti		<b>30.06.2024</b>	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
Veðskuldabréfasjóður ÍV-VIV II .....		7.941.162	7.546.861	7.546.861
Yfirlit um gengi hlutdeildarskírteina.				
Veðskuldabréfasjóður ÍV-VIV II .....		14,17	13,47	13,47

Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóða og fjárfestingarstefnu.

	Eign 30.06.2024 %	Eign 31.12.2023 %	Breyting	Fjárfestingarstefna	
				Lágmark %	Hámark %
<b>Veðskuldabréfasjóður ÍV-VIV II</b>					
Skuldabréf stór Reykjavíkursvæði .....	74,0	49,0	25,0	60	100
Skuldabréf utan stór Reykjavíkursvæði .....	18,0	18,0	0,0	0	40
Skuldabréf með veði í atvinnueignum .....	90,2	65,7	24,5	50	100
Skuldabréf með veði í íbúðareignum .....	1,8	1,3	0,5	0	50
Einstakur útgefandi .....	24,0	23,0	1,0		20
Einstök útgáfa .....	16,0	15,0	1,0		15
Reiðufé .....	3,0	1,0	2		

Sundurliðun fjárfestinga sjóðs og hlutfallsleg skipting

<b>Veðskuldabréfasjóður ÍV-VIV II</b>	kr.	%
Framseljanleg skuldabréf.....	7.302.879	92
Hlutdeildarskírteini .....	377.305	5
Reiðufé .....	243.452	3
Aðrar eignir .....	20.405	0
Heildareignir .....	<u>7.944.040</u>	<u>100</u>

## Skýringar frh.:

---

### **4. Fjárfestingartímabil sjóðsins**

Fjárfestingartímabili sjóðsins lauk þann 02.07.2023. Heildarupphæð fjárfestingaloforða var 6.104.000.000 og var innkallað samtals kr. 6.000.000.000 á fjárfestingartímabilinu. Sjóðurinn á ekki eigin heimasíðu, en á vefsvæði á heimasíðu Íslenskrar verðbréfa hf., [www.iv.is](http://www.iv.is) og heimasíðu ÍV sjóða hf., [www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is) [www.iv.is/is/serhaefdar-fjarfestingar/verdiskuldabrefasjodur-iv-viv-ii](http://www.iv.is/is/serhaefdar-fjarfestingar/verdiskuldabrefasjodur-iv-viv-ii).